

# Ársskýrsla Visku 2025

# Efnisyfirlit

Ávarp formanns .....	1
Um Visku .....	4
Viska í tölum .....	4
Stjórn .....	5
Skrifstofa.....	6
Kjaramál.....	7
Kjaraviðræður .....	7
Jöfnun launa .....	8
Stofnanasamningar .....	8
Þjónusta í kjaramálum .....	9
Dómsmál .....	9
Félagsstarf .....	10
Kjaradeildir .....	10
Félagsnet.....	11
Fulltrúaráð .....	12
Trúnaðarmenn .....	12
BHM .....	12
Fundir og viðburðir.....	13
Námskeið og fræðsla.....	14
Viska – stúdent .....	15
Erlent samstarf.....	15

<b>Hagsmunagæsla og stafrænir innviðir .....</b>	<b>17</b>
Hagsmunagæsla .....	17
Stafrænir innviðir.....	19
<b>Fjármál og sjóðir .....</b>	<b>22</b>
Félagssjóður Visku .....	22
Vísindasjóður Visku .....	23
Kjaramálasjóður Visku .....	24
Sjúkrasjóðir .....	24
Starfsþróunarsjóðir .....	24
Orlofssjóður .....	25
VIRK starfsendurhæfingarsjóður.....	25

## Ávarp formanns

Kæra félagsfólk,

Síðustu misseri hefur ófriður í heiminum virst afskaplega nálægt okkur sem búum hér á hjara veraldar. Árið hófst á hótunum stórveldis um að ráðast inn í Grænland og Þjóðarmorð eru framin á landamærum Evrópu. Aldrei í sögunni hafa fleiri verið á flóttu og nýlegar vendingar í Íran hafa sett verslunarleiðir og hagkerfi heimsins á annan endann. Sjálf stendur íslenska þjóðin frammi fyrir ákvörðun hvernig hún skal takast á við þennan breytta veruleika, og á haustmánuðum greiðum við atkvæði um hvort við hefjum aftur viðræður við Evrópusambandið eður ei. Það eru sannarlega krefjandi tímar framundan.

Á tímum óvissu og hræðslu er samstaða mikilvægari en nokkru sinni fyrr, samstaða um frið, mannréttindi og jafnrétti. Og við í samtökum launafólks þurfum að standa vörð um kjör og réttindi launafólks. Stéttarfélög standa nú höllum fótum í löndum Evrópu. Í þeim löndum þar sem ekki er gengið til reglulegra kjarasamninga hefur þurft að grípa til lagasetningar um lágmarkslaun. Slík kerfi eru í eðli sínu stíf og ósveigjanleg og ekki hefur verið þörf á að grípa til slíkra aðgerða hér á landi vegna styrks samtaka launafólks.

Hér á landi býr opinbert starfsfólk við sífellda gagnrýni á sín störf, ríkisstjórnin vill skerða réttindi þeirra með afnámi áminningarskyldunnar án þess að tryggja réttláta málsmeðferð og hagsmunasamtök atvinnulífsins hafa talað fyrir skerðingu veikindaréttar. Á sama tíma hafa launakjör alls opinbers starfsfólks ekki enn verið jöfnuð á við starfsfólk á almenna markaðnum og sérstaklega meðal þeirra stétta sem oft eru kallaðar „kvennastéttir“. Opinber þjónusta er grundvöllur velferðar og hagvaxtar hér á landi og okkur ber að standa vörð um hana. Kannanir Visku meðal félagsfólks síns á opinberum markaði hafa sýnt að opinberir starfsmenn eru sannarlega reiðubúnir í samtal um hagræðingu og breytingar á sínum vinnustað en eru vonlitlir um að á þá sé hlustað.

Á Íslandi rétt eins og í öðrum löndum er menntun ekki lengur sú arðbæra fjárfesting sem hún var. Kaupmáttur fólks með meistaragráðu hefur staðið í stað á þessari öld, á meðan hagvöxtur á hvern íbúa var um 35%. Ungt fólk sér ekki ástæðu lengur til að mennta sig sem talmeinafræðingar, arkitektar, lögfræðingar eða sagnfræðingar. Þegar slík er staðan verður að tryggja endurnýjun í þeim stéttum sem samfélagið þarf á að halda til að viðhalda velferðarkerfinu okkar, stjórnsýslu, nýsköpun og íslenskri menningu.

Framundan eru spennandi tímar hjá Visku. Viska hefur hug á að efla stuðning við félagsfólk í nærumhverfi sínu með því að styrkja trúnaðarmannakerfi félagsins. Í því samhengi hefur verið gerður samningur við Mental ráðgjöf um að halda námskeið í geðheilsu á vinnustöðum sem trúnaðarmönnum Visku stendur til boða, svo þeir geti orðið öflugir boðberar geðheilsu og velferðar á sínum vinnustöðum. Við hvetjum öll sem hafa áhuga til að hafa samband við félagið.

Stærsta verkefni Visku þessa dagana er þó án efa samstarf við systurfélag okkar innan BHM, FÍN – Félag íslenskra náttúrufræðinga, um stofnun óhagnaðardrífins húsnæðisfélags.

Könnun félaganna á stöðu og viðhorfum félagsfólks síns bendir til að þörf þeirra fyrir aðstoð er mikil. Könnunin bendir til að um 12% félagsfólks uppfyllir skilyrði almenna leigukerfisins, og hlutfallið er enn hærra meðal einstæðra foreldra. 90% aðspurðra sem eru á leigumarkaði segja nær ómögulegt að eignast eigin húsnæði þrátt fyrir mikinn vilja og aðeins 35% telur líklegt að þau geti fengið hjálp frá foreldrum. Þá hefur skuldabyrði námslána veruleg áhrif á getu fólks til að festa rætur á húsnæðismarkaði.

Mikill stuðningur er meðal félagsfólks Visku á því að byggja upp húsnæðisfélag, en 67% þeirra styðja áætlanir félagsins um uppbyggingu húsnæðisfélags. Þegar bornar eru saman tölur yfir fólk sem fellur undir núverandi tekjuviðmið að fá íbúðir til leigu og áhuga félagsfólks á að leigja frá félaginu, mætti áætla að eftirspurn gæti verið á bilinu 600–700 félagsmenn. Viska og FÍN skrifuðu undir samkomulag um uppbyggingu húsnæðisfélags á vormánuðum 2026 og eru stjórnir beggja félagana einhuga um að byggja upp félag hratt og vel.

Við munum líka halda áfram að tala rödd jafnréttis. Á síðasta ári minntumst við þess að fimmtíu ár væru liðin frá því að konur lögðu fyrst niður vinnu, launuð og ólaunuð störf, til að mótmæla kjaramisrétti. Konur og kvár lögðu niður störf 24. október 2025 eins og formæður okkar, því enn í dag þrífst misrétti í samfélaginu. Konur fá enn lægri laun en karlar og gildismat kvennastarfa er stærsti þátturinn í þrálátum launamun kynjanna. Ofbeldi þrífst enn í samfélaginu, ofbeldi sem á sér stað einnig á vinnustöðum. Þetta er áskorun sem við verðum að mæta af festu og ábyrgð.

Framundan eru krefjandi tímar. Verðbólga geisar enn í samfélaginu, óvissa og alþjóðlegur ófriður kallar á samstöðu og skýrt gildismat. Við sem erum á íslenskum vinnumarkaði verðum að komast úr skotgröfunum, vinna saman að stöðugleika og eiga samtal við stjórnvöld um breytt vinnubrögð. Það er ekki ásættanlegt að grafa undan opinberri þjónustu eða réttindum opinbers starfsfólks. Það er ekki ásættanlegt að verðmeta vinnuframlag og menntun kvenna minna en karla. Það er ekki ásættanlegt að aðilar vinnumarkaðarins tali saman í fyrirsagnastíl og aðdróttunum um að sumt fólk eigi meira skilið en annað.

Kæra félagsfólk, ef ekki tekst að ná niður verðbólgunni í landinu er hætta á því að kjarasamningar losni haustið 2026. Í óvissuástandi sem þessu er þó engum í hag að samningar losni og þegar þessi skýrsla er skrifuð er þegar byrjað að hvísla um mögulega þjóðarsátt. Slík sátt verður þó ekki til nema öll sitji við borðið. Háskólamenntað fólk hefur setið eftir í kaupmáttaraukningu síðustu ára og nú er komið nóg.

Samstaða okkar í Visku skiptir miklu máli hér eftir sem hingað til. Stöndum saman næsta vetur og búum til gott samfélag fyrir okkur öll.



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir




# Um Visku

Stéttarfélagið Viska varð formlega til 31. október 2023 með sameiningu þriggja rótgróinna stéttarféлага og tók formlega til starfa 1. janúar 2024. Félagið á aðild að BHM – bandalagi háskólamentnaðra og Félagsfólk geta þau orðið sem lokið hafa eða eru í háskólanámi, eða sambærilegu námi, og þau sem gegna sérfræðistörfum sem krefjast þekkingar sem alla jafnan er á háskólastigi.


## VISKA Í TÖLUM

Viska er eitt stærsta stéttarfélag landsins, félagsfólk er komið yfir 6.000 og hefur félagsfólki fjölgað um rúmlega 30% frá stofnun þess. Um 70% af félagsfólki eru konur og um 30% karlar en félagsfólk starfar vítt og breitt á íslenskum vinnumarkaði. Stærsti einstaki markaður Visku er almenni markaðurinn en um 37% af félagsfólki er á hinum almenna. Þar á eftir kemur ríkið með um 30% hlutdeild en Viska er stærsta stéttarfélag hjá ríkinu innan BHM.


Skipting félagsfólks eftir vinnumarkaði




Kynjaskipting félagsfólks



Fjöldi erinda árið 2025 voru 745



Heimsóknir á vefsíðu Visku árið 2025 voru u.þ.b. 40.000 eða að meðaltali 3.340 á mánuði



## STJÓRN

Gengið var til kosninga til stjórnar Visku í fyrsta skipti í apríl 2025 og kosið var til allra embætta, en fyrri hluta ársins sat sameinuð stjórn stofnfélaga Visku, 17 aðalmenn og sex varamenn. Þar gegndi embætti formanns Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sem áður var formaður Fræðagarðs. Varaformaður var Kristmundur Þór Ólafsson sem áður var formaður Félags íslenskra félagsvísindamanna og gjaldkeri var Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar sem áður var formaður Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Í stjórn fyrri hluta árs 2025 sátu einnig Ester Ósk Traustadóttir, Gustav Pétursson, Helga B. Kolbeinsdóttir, Inga María Leifsdóttir, Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Íris Halla Guðmundsdóttir, Kristín Arnórsdóttir, Linda Björk Markúsardóttir, Óskar Þór Þráinsson, Ragna Björk Kristjánsdóttir, Sigrún Einarsdóttir, Steindór Gunnar Steindórsson, Sunna Arnardóttir og Þóra Jónsdóttir. Varamenn í stjórn voru Andrés Erlingsson, Anna Sjöfn Skagfjörð, Eðvald Einar Stefánsson, Guðjón Hauksson, Sveinn Ólafsson og Tryggvi Hallgrímsson.

Auglýst var eftir framboðum til stjórnar Visku í mars 2025 og var óskað eftir framboðum í öll embætti, en samkvæmt bráðabirgðaákvæðum í stofnsamþykktum félagsins var kosið um formann, þrjú aðalmenn til tveggja ára, þrjú aðalmenn til eins árs og tvo varamenn til eins árs. Kosningar til stjórnar Visku eru fléttukosningar til að tryggja sem jafnast hlutfall kynja í stjórn.

Eitt framboð barst til embættis formanns Visku, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sem er sjálfkjörin formaður félagsins. Sautján framboð bárust til stjórnar félagsins og kjörin voru Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar varaformaður, Steindór Gunnar Steindórsson gjaldkeri, Sveinn Ólafsson ritari, Eðvald Einar Stefánsson, Eydís Inga Valsdóttir og Sigrún Einarsdóttir. Varamenn í stjórn voru kjörin Linda Björk Markúsardóttir og Guðjón Hauksson.

Stjórnin skipti með sér verkum og setti sér reglur á fyrsta stjórnarfundum sínum og fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu, alls tólf sinnum á tímabilinu maí 2025 til apríl 2026, þar af átta sinnum árið 2025.

Einnig voru haldnir fimm vinnufundir á tímabilinu, fundur í ágúst 2025 um uppbyggingu á skrifstofu og félagsstarfi Visku, fundur í nóvember 2025 um stofnanasamninga, í febrúar 2026 um þjónustu félagsins og tveir fundir í mars 2026, annar um hagsmunagæslu félagsins og hinn sameiginlegur fundur með stjórn FÍN um stofnun óhagnaðardrífins húsnæðisfélags.

## SKRIFSTOFA

Á skrifstofu Visku starfa níu starfsmenn auk formanns félagsins. Anna S. Ragnarsdóttir hefur umsjón með skrifstofu, Bjarni Kristjánsson sér um þjónustu og ráðgjöf, Bragi Rúnar Jónsson er fjármálastjóri, Gauti Skúlason sér um samskipti og markaðsmál, Georg Brynjarsson er framkvæmdastjóri, Júlíana Guðmundsdóttir er lögfræðingur, Katrín Björg Ríkarðsdóttir sér um kjara- og réttindamál, Vilhjálmur Hilmarsson er hagfræðingur og Þóra Þorgeirsdóttir sér um ráðgjöf.

Viska starfrækir skrifstofur sínar á þriðju hæð í Borgartúni 27, í sama húsi og BHM og tólf önnur aðildarfélög bandalagsins. Á hæðinni hefur félagið eigin fundarsal sem hentar fyrir ýmis konar fundarhöld og félagsstarf. Viska á einnig hlutdeild í Húsfélagi BHM sem á tvær hæðir í Borgartúni 6, skrifstofur og fundarsali, en það húsnæði hefur verið til sölu frá árinu 2024.

# Kjaramál

## KJARAVIÐRÆÐUR

Kjaraviðræður hófust árið 2024 við alla viðsemjendur og skrifaði Viska undir samninga við ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Félag atvinnurekenda á því ári, ásamt RARIK og RÚV. Árið 2025 skrifaði Viska undir samning við Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og Launanefnd þjóðkirkjunnar.

Stjórn Visku er samninganefnd félagsins og í viðræðunefnd sátu Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir formaður Visku, Júlíana Guðmundsdóttir lögmaður Visku og Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur Visku.

## Kjarasamningur við SA

Viska og önnur aðildarfélög BHM eru með gildandi kjarasamning við Samtök atvinnurekenda (SA) og vorið 2025 hófust samningaviðræður um breytingar á þeim samningi. Júlíana Guðmundsdóttir lögfræðingur Visku var formaður viðræðunefndar BHM-félaganna í þeim samningaviðræðum, en ásamt henni sátu í nefndinni fulltrúar FÍN – Félags íslenskra náttúrufræðinga og KVH – Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga.

Í maí 2025 undirritaði Viska endurnýjaðan kjarasamning BHM félaganna við Samtök atvinnulífsins. Samningurinn byggir í megindráttum á fyrri samningi aðila en felur jafnframt í sér ýmsar breytingar sem styrkja réttindi félagsfólks Visku. Breyting var gerð á ákvæðum um laun, þannig að starfsmaður sem ekki fær að lágmarki þær launahækkanir sem kjarasamningur kveður á um á almennum vinnumarkaði á rétt á rökstuddu viðtali við vinnuveitanda. Slíkt viðtal skal fara fram innan mánaðar frá því að krafa þess efnis er sett fram. Þá var réttur til fjarveru vegna veikinda barns styrktur þannig að hann nær nú einnig til barna á aldrinum þrettán til sextán ára í alvarlegum tilfellum sem leiða til sjúkrahúsinnlagnar. Breytingar voru einnig gerðar á reglum um uppsöfnun orlofsréttinda til hækkunar á rétti starfsfólks.

Samhliða endurnýjun kjarasamningsins skrifaði Viska undir sérsamkomulag við Samtök atvinnulífsins um aukið samráð og samstarf. Markmiðið með samkomulaginu er að kanna tækifæri til að efla samvinnu aðila vinnumarkaðarins, meðal annars með því að rýna lagaumhverfi, hlutverk sjóða og fyrirkomulag samstarfs aðila. Framkvæmdastjórar og sérfræðingar Visku og SA leiða verkefnið, þar sem áhersla er lögð á lausnamiðað samtal um sameiginlega hagsmuni.

## Kjarasamningar við aðra aðila

Í febrúar 2025 gerði Viska heildarkjarasamning til fjögurra ára við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, afturvirkan til 1. apríl 2024, og í september gerði Viska heildarkjarasamning til fjögurra ára við Launanefnd þjóðkirkjunnar, afturvirkan til 1. apríl 2024.

## Kjaraviðræður við Sjúkratryggingar Íslands

Skrifstofa Visku hefur verið sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum til halds og traust í viðræðum við SÍ, en talmeinafræðingar hafa verið samningslausir síðan 2022. Félagið gerði í lok árs könnun á kjörum og viðhorfum talmeinafræðinga.

## JÖFNUN LAUNA

Verkefnið um jöfnun launa milli opinbers og almenns vinnumarkaðar á rætur að rekja til lífeyrissamkomulagsins frá 2016. Nefnd um verkefnið hefur starfað allt frá árinu 2016 við kortlagningu launamunar og mótun á aðferðafræði.

Í tengslum við skammtímasamningana 2024 var gert áfangasamkomulag um jöfnun launa, svokallað „áfangasamkomulag 2“. Er samkomulagið gert milli aðildarféлага BSRB og BHM annars vegar og ríkis og sveitarféлага hins vegar. KÍ og FÍH, sem voru aðilar að fyrra áfangasamkomulagi, ákváðu að taka ekki þátt í áfangasamkomulagi 2. Áfangasamkomulag 2 hjá ríkinu rann alfarið inn á Landspítalann að þessu sinni og var varið til þess að auka launaspönn hjá stéttum í klínískri vinnu í framlínu. Var sú framkvæmd talin réttmætasta ráðstöfunin á takmörkuðum fjármunum en fyrirséð er að aukin launaspönn muni hafa áhrif á kjör annarra stétta hjá ríkinu yfir tíma. Enn er verið að útfæra samkomulagið hjá sveitarfélögunum.

## STOFNANASAMNINGAR

Stofnanasamningar eru sérstakir samningar milli stéttarféлага og ríkisstofnana þar sem ákveðnir hlutar kjarasamnings eru aðlagðir að þörfum stofnana og starfsfólks þeirra.

Félagsofólk Visku starfar hjá 113 ríkisstofnunum en samkvæmt Stjórnarráðinu eru ríkisstofnanir 147 þegar þessi ársskýrsla er skrifuð. Viska er með stofnanasamninga við 102 þessara stofnana en margir þeirra eru komnir til ára sinna.

Viska hefur hafið þá vegferð að ráðast í endurnýjun stofnanasamninga. Skrifstofan hefur unnið skipulega að því að forgangsraða samningum félagsins, en í því tilviki var horft meðal annars til aldurs stofnanasamnings, fjölda Viskufólks hjá stofnun og meðaltalslaunaröðunar.

Þá hefur skrifstofan einnig sett upp markmið og feril fyrir vinnulag sem ætlað er að tryggja fagleg vinnubrögð.

Árið 2025 voru undirritaðir tólf nýir stofnanasamningar og hafið samtal við 23 stofnanir.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir hefur umsjón með gerð stofnanasamninga.

## ÞJÓNUSTA Í KJARAMÁLUM

Viska veitir faglega og lausnamiðaða ráðgjöf og aðstoð fyrir félagsfólk, með sérstaka áherslu á réttindamál, laun, starfspróun og ráðningarkjör. Þjónustan byggir á skýrum verkferlum sem tryggja fagleg vinnubrögð og skjót viðbrögð.

Skrifstofan hefur innleitt verkferli sem miðar að snemmtæku inngripi, sem skiptir miklu máli þegar kemur að andlegri líðan. Þegar fólk glímur við veikindi er mikilvægt að það upplifi að það fái skjóta þjónustu og leiðbeiningar. Einnig hefur skrifstofan lagt áherslu á að bjóða upp á aðstoð við að gera áætlun um endurkomu til vinnu þegar það á við.

Á hverju ári leitar fjöldi félagsfólks til Visku eftir leiðsögn og hefur félagið sett sér það markmið að svara öllum erindum innan sólarhrings. Dag hvern berast á milli 20 og 40 erindi, í gegnum heimasíðu, tölvupóst og í síma. Á árinu var sett upp nýtt símakerfi á skrifstofunni þar sem hægt er að tengja símtöl beint inn í skráningu erinda, en þannig er hægt að halda betur utan um einstök mál og tölfræði.

Bjarni Kristjánsson er verkefnastjóri þjónustu og ráðgjafar og með honum starfar Þóra Þorgeirsdóttir sem ráðgjafi.

## DÓMSMÁL

Á árinu 2025 höfðaði Viska tvö dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er lutu að kröfum félagsfólks um greiðslu launa á uppsagnarfresti, auk tengdra réttinda á borð við orlof og aðrar launatengdar greiðslur.

Í báðum málum laut ágreiningur aðila að því hvort launagreiðanda bæri að greiða laun í uppsagnarfresti í tilvikum þar sem starfsfólki hafði verið sagt upp störfum með samningsbundnum uppsagnarfresti, án þess að krafist væri vinnuframlags af þess hálfu á uppsagnartímanum. Eftir að ítrekaðar tilraunir til innheimtu krafanna höfðu reynst árangurslausar var gripið til málshöfðunar. Voru málin þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur en áður en til aðalmeðferðar kom óskaði stefndi eftir því að ljúka málunum með dómsátt sem fól í sér að félagsfólk Visku fengi fullnaðargreiðslu á kröfum sínum.

Júlíana Guðmundsdóttir er lögmaður Visku.

# Félagsstarf

## KJARAEILDIR

Kjaradeildir Visku sjá um kjara- og fræðslumál félagsfólks Visku á sínu fagsviði, starfsvettvangi eða landsvæði. Kjaradeildir eru stjórn Visku til ráðgjafar á sínu sviði, vinna að því að styrkja stöðu síns félagsfólks og efla þekkingu þess á kjara- og réttindamálum.

Tvær kjaradeildir eru starfandi innan Visku, **Kjaradeild bókasafns- og upplýsingafræðinga** og **Kjaradeild talmeinafræðinga**.

### Kjaradeild bókasafns- og upplýsingafræðinga

Kjaradeild bókasafns- og upplýsingafræðinga var sett á laggirnar á aðalfundi 2024 og er skipuð félagsfólki sem áður var í einu stofnfélaga Visku, Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga, um 260 manns. Formaður kjaradeildarinnar er Ragna Björk Kristjánsdóttir og með henni í stjórn deildarinnar sitja Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar, Óskar Þór Þráinsson og Þóra Jónsdóttir.

Í september 2025 sóttu Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Óskar Þór Þráinsson og Þóra Jónsdóttir samráðsfund norrænna stéttarféлага bókasafns- og upplýsingafræðinga sem haldinn var í Osló, Noregi. Ásamt fulltrúum Visku voru þar fulltrúar frá Bibliotekforbundet í Noregi og DiK í Svíþjóð. Dagskrá fundarins snerist um stöðu almennings- og skólabókasafna á Norðurlöndunum og stöðu starfsfólksins í breyttu umhverfi. Rætt var um fjölgun bókasafna sem bjóða upp á umframopnun, hvaða áhrif það hefur á starfsemi safnanna og þannig störf fagfólksins sem þar vinnur. Einnig var rætt um ólíka stöðu skólabókasafna, bæði þegar kemur að einkaskólum og ríkisreknum skólum og svo hvaða áhrif lög og regluverk í hverju landi hafa á stöðu fagfólks á skólabókasöfnum. Þá var rætt um stöðu og hlutverk almenningsbókasafna í breyttu pólitísku landslagi þar sem lýðræðið á undir högg að sækja.

Kjaradeildin sendi frá sér eina yfirlýsingu á árinu, bréf til skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur ásamt öðrum félögum á sviði bókasafns- og upplýsingafræða þar sem borgaryfirvöld voru hvött til að standa við fyrirheit um öflugri skólasöfn með því að bæta bókakost en gera jafnframt betur og bæta einnig aðstöðu og mannafla skólasafna í Reykjavík.

### Kjaradeild talmeinafræðinga

Kjaradeild talmeinafræðinga var sett á laggirnar af stjórn Visku haustið 2025 og í stjórn hennar skipuðu Linda Markúsardóttir formaður, Rósalind Signýjar Kristjánsdóttir ritari, Kristlaug Stella Ingvarsdóttir og Rannveig Rós Ólafsdóttir.

Kjaradeild talmeinafræðinga sinnir kjara- og réttindamálum félagsfólks sem hefur menntað sig eða stundar nám í talmeinafræði og í henni eru 74 félagar Visku.

Deildin var mjög virk á árinu en sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar hafa verið í viðræðum við Sjúkratryggingar Íslands. Hefur skrifstofa Visku verið þeim þar innan handar, meðal annars með því að gera könnun á launakjörum og starfsánægju talmeinafræðinga í desember 2025.

Niðurstöður þeirrar könnunar voru sláandi. 82% sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga segjast hafa litla trú á stjórnvöldum þegar kemur að því að stytta biðlista eftir talmeinaþjónustu á Íslandi. Rúmlega 70% sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga eru óánægð með kjör sín og um 40% sem starfa á samningi við Sjúkratryggingar Íslands íhuga nú að hætta störfum. Stjórnvöld eru sögð leggja meiri áherslu á langar skýrslur um vanda talmeinaþjónustu en markvissar aðgerðir.

Kjaradeild talmeinafræðinga, í samstarfi við stéttarfélög heilbrigðisstarfsfólks, sendi frá sér yfirlýsingu í október 2025 um fyrirhugaðar breytingar stjórnvalda á lögum um sjúkratryggingar og hafnaði ólíðandi inngripum ríkisvaldsins í samningsfrelsi heilbrigðisstétta, en í frumvarpinu er Sjúkratryggingum Íslands heimilað að ákvarða gjaldskrá heilbrigðisstétta í samningsleysi og heilbrigðisstarfsfólki meinað að rukka markaðsverð fyrir þjónustu með aukagjöldum t.d. á tíma langvarandi samningsleysis.

Stofnun kjaradeildar talmeinafræðinga verður lögð til afgreiðslu aðalfundar Visku 2026, samkvæmt lögum félagsins, og ef fundur staðfestir deildina verður gengið til rafrænna kosninga í stjórn deildarinnar að fundi loknum.

## FÉLAGSNET

Félagsfólki er heimilt að leggja fyrir stjórn Visku að stofnað verði félagsnet til styrkja stöðu þess félagsfólks sem tilheyrir þeim, efla tengslanet og stuðla að aukinni þekkingu og framþróun á sér- eða áhugasviði félagsfólks.

Nýtt **félagsnet hinna skrifandi stétta** var stofnað á árinu, þegar kjarafélagar Rithöfundasambands Íslands sameinuðust inn í Visku. Í Visku eru nú ellefu félagsnet, ásamt rithöfundum eru þar einnig starfandi **félagsnet arkitekta, djákna, fjölskyldufræðinga, fræðafólks sem starfar sjálfstætt, listmeðferðafræðinga, íþróttufræðinga, myndlistafólks, safnafólks, táknmálstúlka, talmeinafræðinga og tómstunda- og félagsmálafræðinga og annars fagfólks í tómstundastarfi.**

Kjaradeildirnar og félagsnetin eru hjartað í félagsstarfi Visku og hefur stjórn félagsins mikinn áhuga á að efla starf þeirra.

## FULLTRÚARÁÐ

Fulltrúar kjaradeilda og félagsneta mynda fulltrúaráð Visku ásamt formanni félagsins og fulltrúa frá Landssambandi íslenskra stúdenta (LÍS). Fulltrúaráð fundaði í desember 2025 og ræddi áframhaldandi uppbyggingu félagsstarfsins.

## TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmenn eru félagsfólk í stéttarfélagi sem hefur verið tilnefnt af starfsfólki eða félaginu sjálfu sem fulltrúi þess á vinnustað. Trúnaðarmenn Visku hafa aðgang að rafrænni fræðslu á vef félagsins en einnig eru reglulega haldin staðnámskeið fyrir trúnaðarmenn. BHM heldur reglulega námskeið fyrir trúnaðarmenn og í apríl á árinu var haldið staðnámskeið fyrir trúnaðarmenn aðildarfélaga BHM, þar á meðal Visku.

Viska hefur 57 trúnaðarmenn á 43 vinnustöðum, en miðað við stærð félagsins ættu trúnaðarmenn Visku að vera mun fleiri. Stjórn Visku hefur hug á að stórefla trúnaðarmannakerfi sitt í framtíðinni, þar á meðal með því að skipuleggja aukna fræðslu fyrir trúnaðarmenn og styrkja tengslanet þeirra.

## BHM

Viska er stærsta aðildarfélagið innan BHM, heildarsamtaka háskólamenntaðs fólks á Íslandi, og tekur virka þátttöku í starfi bandalagsins. Formaður Visku, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, situr fyrir hönd félagsins í **formannaráði BHM** og fulltrúar félagsins starfa í fjölda stjórna, nefnda og starfshópa innan bandalagsins. Sigrún Einarsdóttir er fulltrúi Visku í **stjórn BHM**.

Þrjár fastanefndir eru starfandi innan bandalagsins, **kjaranefnd**, **jafnréttisnefnd** og **lífeyris- og lánanefnd**, og á Viska fulltrúa í öllum þremur. Anna Lilja Torfadóttir situr í lífeyris- og lánanefnd fyrir hönd Visku, Dögg Sigmarsdóttir situr í jafnréttisnefnd og Sveinn Ólafsson er formaður kjaranefndar.

Tvær nefndir sjá um kosningar innan BHM og á Viska fulltrúa í báðum þeirra. Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar situr í **framboðsnefnd BHM**. Í **kjörstjórn BHM** situr Júlíana Guðmundsdóttir.

Viska á fulltrúa í **stjórn Húsfélags BHM**. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir situr þar fyrir hönd félagsins og er ritari stjórnar.

Innan BHM eru hverju sinni starfandi tímabundnir starfshópar sem skipaðir eru af formannaráði um einstök málefni og var einn slíkur hópur starfandi árið 2024, **samræmingarhópur um innra starf BHM**, en þar situr Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fyrir hönd félagsins.

Júlíana Guðmundsdóttir situr í **ferðakostnaðarnefnd** hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu sem fulltrúi BHM.

Georg Brynjarsson er varamaður í stjórn **LSR** fyrir hönd BHM.

Vilhjálmur Hilmarsson sat í matshóp fyrir **varúðarsjóð LSR** á árinu 2025, fyrir hönd BHM. Hópurinn hefur lokið störfum.

## FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Félagsfólk fjölmennti á 1. maí göngu samtaka launafólks sem haldin var í Reykjavík á árinu og var mikill hugur í fólki.

Viska tók þátt í mótmælafundinum Þjóð gegn Þjóðarmorði 6. september 2025 til að sýna samstöðu með palestínsku þjóðinni og krefjast þess að íslensk ríkisstjórn grípi til alvöru aðgerða til að sýna afstöðu sína gegn Þjóðarmorðinu. Austurvöllur í Reykjavík var þéttskipaður mótmælendum og einnig voru haldnir fjöldafundir á Ráðhústorgi á Akureyri, í Tjarnargarðinum á Egilsstöðum, á Jólátréstorgrinu á Húsavík, á Silfurtorgi á Ísafirði og við Frúarstíg í Stykkishólmi.

Viska tók þátt í og styrkti baráttufund á Arnarhóli 24. október 2025, kvennaverkfall á kvennaári, þegar þess var minnst að 50 ár voru liðin frá fyrsta kvennafríinu 1975. Í tilefni kvennaársins birti félagið sérstaka síðu á vef sínum þar sem farið var yfir árangur kvennabaráttu síðustu hálftrar aldar og áskoranirnar fram undan.

Viska hélt morgunverðarfund 11. september 2025 um gervigreind á íslenskum vinnumarkaði þar sem hagfræðingur félagsins, Vilhjálmur Hilmisson, kynnti könnun Visku um notkun gervigreindar á íslenskum vinnumarkaði. Niðurstöðurnar sýna að notkun gervigreindar er þegar umtalsverð en fræðsla og stefnumótun halda aftur af frekari innleiðingu. Einungis um þriðjungur starfsfólks hefur fengið þjálfun, þrátt fyrir að flestir telji gervigreind auka afköst og vilji nota hana meira. Tæplega 250 manns sóttu morgunverðarfundinn, þar sem einnig tóku til máls Einar Gunnar Thoroddsen frá Stjórnarráðinu, Sýlvía Rut Vilhjálmsdóttir frá KPMG og Lilja Dögg Jónsdóttir frá Almannaorómi.

## NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

### Aðstoð við skil á skattframtali

Í mars 2025 bauð Viska félagsfólki sínu upp á aðstoð við skil á skattframtali í formi netnámskeiða og einstaklingsráðgjafar. Góð aðsókn var á námskeiðin og bókuðust tímar í einstaklingsráðgjöf upp. Viska endurtók þessa fræðslu í mars 2026 og voru viðtökur félagsfólks jafn góðar.

Frá stofnun Visku hefur markmið félagsins verið að bjóða upp á heildstæða hagsmunagæslu og er þessi ráðgjöf liður í að bæta stöðu félagsfólks á breiðum grunni. Skattanámskeiðin og einstaklingsráðgjöfin eru orðnir fastir liðir í þjónustu félagsins og mun Viska endurtaka leikinn að ári.

### Lífeyrisráðgjöf

Á árinu var byrjað að bjóða upp á lífeyrisráðgjöf hjá Visku og hefur þjónustan mælst vel fyrir. Árið 2025 var veitt ráðgjöf í um 200 málum og fór fjöldi erinda mikið vaxandi yfir árið. Ráðgjöfin byggir á reikniverki sem reiknar út réttindi félagsfólks til lífeyrisgreiðslna og setur upp tillögur að áætlunum í tímaröð. Á nýju ári er stefnt að því að bjóða félagsfólki þjónustuna í áföngum, til að tryggja að skrifstofan geti tekist á við það álag sem þjónustan kann að hafa í för með sér.

### Fyrirtækjaskóli Akademias

Félagsfólk Visku hefur ókeypis aðgang að fyrirtækjaskóla Akademias, sem býður upp á fjölda rafræna námskeiða til starfspróunar.

### Bara tala

Félagsfólk Visku hefur ókeypis aðgang að snjallforritinu Bara tala, sem er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni.

### Starfsmennt fræðslusetur

Félagsfólk Visku sem á aðild að Starfspróunarsetri BHM og starfar á opinbera markaðnum getur sótt námskeið, námsleiðir, fyrirlestra og aðra fræðslu sem skipulögð er af Starfsmennt fræðslusetri. Setrið styrkir þátttöku félagsfólks að fullu, án þess að ganga á persónulegan rétt þess hjá Starfspróunarsetri.

## VISKA – STÚDENT

Viska hefur á árinu unnið jafnt og þétt að því að auka þjónustu við háskólanema og hefur verkefnið hlotið nafnið Viska stúdent. Viska býður háskólanemum upp á þjónustu, ráðgjöf og fræðslu í gegnum námsmannþjónustu Visku. Námsfólk getur leitað til Visku með spurningar um fyrstu skref á vinnumarkaði.

Allir háskólanemar sem eru skráðir í Visku eiga rétt á þjónustu, ráðgjöf og fræðslu sér að kostnaðarlausu og fá enn fremur fría snjalltryggingu fyrir síma, tölvu, hjól og rafhlaupahjól.

Viska lætur málefni háskólasamfélagsins sig varða og leggur áherslu á fræðslu og þjónustu fyrir háskólanema. Félagið vill eiga virkt samtal við hagsmunasamtök íslenskra háskóla á landsvísu og taka þátt í hagsmunabaráttu háskólanema.

Árið 2025 gerði Viska samstarfssamninga við SLHÍ – Stúdentaráð Listaháskóla Íslands og í mars 2025 við SÍNE – Samband íslenskra námsmanna erlendis, en áður voru til staðar samstarfssamningar við SHÍ – Stúdentaráð Háskóla Íslands, SHA – Stúdentafélag Háskólans á Akureyri og SFHR – Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík. Samningarnir fela í sér fræðslu til háskólanema á sviði kjara- og réttindamála.

Viska styrkir SHÍ til að halda úti stöðu kjara- og réttindafulltrúa háskólanema að norrænni fyrirmynd, sem starfar á skrifstofu SHÍ og veitir háskólanemum á vinnumarkaði kjara- og réttindatengda þjónustu.

## ERLENT SAMSTARF

Viska hefur lagt mikla áherslu á að formgera norrænt samstarf, en Viska er stofnuð að norrænni fyrirmynd og félagið hefur hug á að nýta sér reynslu erlendra stéttarféлага þegar kemur að því að þróa þjónustu og hagsmunagæslu fyrir félagsfólk.

Viska hefur gert samstarfssamninga við **Djøf í Danmörku, YKA í Finnlandi, Samfunnsviterne í Noregi og Akavia í Svíþjóð**. Þessir samstarfssamningar veita félagsfólki Visku, sem hyggur á störf eða nám í einhverju af Norðurlöndunum, aðgang að þjónustu á borð við ráðgjöf um vinnumarkaðstengd mál, aðstoð við flutning og upplýsingar um réttindi og skyldur á nýjum vinnumarkaði.

Að auki tekur Viska þátt í **samráðsvettvangi norrænna stéttarféлага** háskólamenntaðs starfsfólks. Vettvangurinn er félaginu mikilvægur, enda gefst þar tækifæri til að læra af reynslu og þekkingu mun stærri systurféлага. Samstarfið styrkir jafnframt tengslanet Visku og hefur starfsfólk félagsins leitað til sérfræðinga á Norðurlöndum um margvísleg málefni milli funda.

Fundur vettvangsins fór að þessu sinni fram í Osló í september, þar sem framkvæmdastjóri og kynningarstjóri Visku tóku þátt. Á fundinum kynntu þeir starfsemi félagsins og þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað.

Kjaradeild bókasafns- og upplýsingafræðinga í Visku er þátttakandi í óformlegu **samstarfsneti norrænna stéttarfélaganna bókasafns- og upplýsingafræðinga**, ásamt Biblioteketforbundet í Noregi, DM í Danmörku og DIK í Svíþjóð. Í september 2025 sóttu Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Óskar Þór Þráinsson og Þóra Jónsdóttir samráðsfund með þessum félögum sem haldinn var í Osló.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, formaður Visku, sótti norrænan samráðsfund **ETUC Trade Union Renewal Centre** í september 2025 þar sem farið var yfir nýsköpun á sviði stéttarfélaganna, hvernig stéttarfélög geta styrkt starf sitt, þjónustu og hagsmunagæslu, á tímum ólgu í heimsmálum og vaxandi hatursáróðurs gegn mannréttindabaráttu og stéttarfélögum. Í kjölfarið hefur Brynhildur ásamt öðru starfsfólki Visku fylgst grannt með starfi miðstöðvarinnar og sótt rafræna fundi og námskeið.

# Hagsmunagæsla og stafrænir innviðir

## HAGSMUNAGÆSLA

Viska hélt áfram að efla hagsmunagæslu á árinu 2025 með útgáfu umsagna, kannana og greininga. Þess fyrir utan hefur formaður og starfsfólk Visku verið virkt í ritun skoðanapistla á Vísi og einnig voru gefnar út tvær hagrænar greiningar í tímaritinu Vísbendingu.

Stjórn Visku er umhugað að félagið taki enn virkari þátt í samfélagsumræðunni og fjölgi rannsóknum, greiningum og umsögnum á árinu 2026. Sú vinna er í fullum gangi, á forræði hagfræðings félagsins, Vilhjálms Hilmarssonar.

## Rannsóknir og greiningar

### Viðhorf til hagræðingar í ríkisrekstri

Í byrjun árs 2025 sendi félagið þá frá sér greiningu sem byggði á könnun meðal ríkisstarfsfólks þar sem spurt var um viðhorf til hagræðingar í ríkisrekstri. Spurningar voru sendar til félagsfólks Visku sem starfar hjá ríkinu og svöruðu um 400 sérfræðingar könnuninni. Í könnuninni kom skýrt fram að mikill stuðningur er við bættan rekstur hjá ríkinu meðal félagsfólks.

85% sérfræðinga hjá ríkinu sjá tækifæri til hagræðingar á sínum vinnustað og 86% eru hlynnt áformum um aukið hagræði í ríkisrekstri. Starfsfólk upplifir að ekki sé hlustað á þeirra sjónarmið þrátt fyrir dýrmæta innsýn í starfsemi stofnana. Flatur og ómarkviss niðurskurður hefur leitt til þess að álag er við þolmörk á mörgum stofnunum. Könnunin hlaut töluverða athygli í fjölmiðlum og hagfræðingur Visku fylgdi henni eftir í útvarpsviðtölum.

### Vanmat á virði háskólamenntunar

Á vordögum gaf félagið út greiningu sem fjallaði um vanmat menntunar, nánar tiltekið að Íslendingar væru Evrópumeistarar í að vanmeta háskólamenntun. Íslendingar fá minnst fyrir háskólagráðuna af 35 Evrópuþjóðum – þegar horft er til tekjumunar milli háskólamenntaðra og grunnskólamenntaðra.

Virði háskólamenntunar á Íslandi, mælt í þessum tekjumun, er aðeins um fjórðungur af Evrópumeðaltalinu og ungt fólk á Íslandi hefur miklu minni hvata en aðrir Evrópubúar til að fara í háskóla ef það vill starfa á Íslandi til frambúðar. Kaupmáttur heildartekna hjá fólki með meistaragráðu hefur aðeins aukist um 1% á þessari öld, frá 2000 til 2023, á sama tíma og kaupmáttur grunnskólamenntaðra jókst um 45%. Hagvöxtur á sama tímabili, 43% á hvern

íbúa, hefur því að fullu birst í tekjum grunnskólamenntaðra að meðaltali en ekki að neinu leyti í tekjum fólks með meistaragraðu.

Komið er að endastöð fyrir krónutöluhækkunir á vinnumarkaði – fyrir launafólk og fyrirtæki. Greininni var fylgt eftir með viðtölum í fjölmiðlum.

## **Kvennaár 2025**

Gefnir voru út kynjavisar Visku í tilefni kvennaárs á kvennafrídegi 24. október, þegar haldið var upp á að 50 ár voru liðin frá því að konur lögðu fyrst niður störf til að mótmæla mismunun. Var þar borin saman staða kvenna á árinu 1975 og í dag. Kynjavisarnir ásamt öðru efni eru birtir á síðu á vef Visku, [viska.is/kvennaar](https://viska.is/kvennaar).

Umfjöllunin hlaut mikla athygli en vel á annað þúsund „lækuðu“ færslu Visku á samfélagsmiðlum og vísarnir hlutu mikla dreifingu.

## **Gervigreind á vinnumarkaði**

Í nóvember gerði Viska stærstu könnun um notkun á gervigreind á vinnumarkaði sem unnin hefur verið á Íslandi. Félagið bað tæplega 6.000 félagsmenn sína að svara könnuninni og svöruðu um 1.000 sérfræðingar á 276 vinnustöðum bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Niðurstöðurnar sýna að notkun gervigreindar er þegar umtalsverð, en skortur á fræðslu og stefnumótun heldur aftur af frekari innleiðingu. Um 80% sérfræðinga á vinnumarkaði nota gervigreind í starfi og meirihluti notar eigin aðgang. 67% segja gervigreind þá auka afköst í starfi en aðeins 34% hefur verið boðin fræðsla af atvinnurekanda.

Störf félagsfólks Visku byggja að stórum hluta á þekkingu og hugviti, og áhrif gervigreindar á þau störf eru enn óljós. Könnun Visku sýnir að félagsfólk er reiðubúið að takast á við áskoranirnar en atvinnurekendur eru langt á eftir. Tækifæri liggja í gervigreindinni, en einnig ábyrgð að tryggja að þróunin verði félagsfólki og samfélaginu öllu til hagsbóta.

Voru niðurstöður könnunarinnar ræddar á morgunverðarfundi sem haldinn var 3. nóvember 2025. Könnunin hlaut mikla umfjöllun í fjölmiðlum.

## **Umsagnir**

Félagið veitti umsögn um endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna í mars. Umsögnin var unnin af Visku í samstarfi við forystufólk stúdentahreyfingarinnar. Í umsögninni kom fram að verulega hallaði á núverandi greiðendur í kerfinu gagnvart fyrri kynslóðum og mikilvægt

væri að leiðrétta þann halla með því að létta vaxtabyrði og/eða auka hlutfall styrks. Í framhaldi funduðu fulltrúar Visku með þingnefnd og ráðuneyti háskólamála.

Í ágúst veitti Viska umsögn um atvinnustefnu stjórnvalda 2035. Umsögnin var mun ítarlegri en umsagnir annarra hagsmunaaðila og með sterka vísan í hagtölur. Umsögnin var tvíþætt; í fyrstu var fjallað um ógnir sem steðja að íslenska hagkerfinu og mikilvægi atvinnustefnu í því samhengi. Í framhaldi voru svör veitt við spurningum stjórnvalda og lagt til nýtt útflutningstækifæri byggt á hugviti og reynslu annarra Norðurlanda, tækifæri sem gæti aukið útflutningstekjur um tæplega 90 milljarða á ári á verðlagi 2025, ef Íslandi tekst hlutfallslega jafn vel til og öðrum Norðurlandapjóðum. Viska styður vegferðina um aukna framleiðni í hagkerfinu heils hugar.

Í október veitti félagið umsögn um fjárlög 2026 sem fjallaði um afnám húsnæðisstuðnings handa háskólamenntuðum, svokallað „séreignarúrræði“. Afnám úrræðisins er ígildi verulegrar skattahækkunar á félagsfólk Visku. Ánægjulegt er að ríkisstjórnin brást við í framhaldi og gerði séreignarleiðina varanlega og að öll gætu nýtt niðurgreiðsluna til 10 ára.

### **Leiðarvísir um tíðaheilsu og breytingaskeiðið**

Viska styrkti á árinu Staðlaráð Íslands til að þýða vinnumarkaðsstaðal um tíðaheilsu og breytingaskeiðsins. Um er að ræða breskan staðal, BS 30416 – Menstruation, Menstrual Health and Menopause in the Workplace, sem býður upp á leiðbeiningar fyrir atvinnurekendur að skapa vinnuumhverfi þar sem fólk getur notið sín í starfi, óháð líkamlegum breytingum sem fylgja tíðum og tíðahvörfum. Fulltrúar félagsins starfa nú í vinnuhóp sem staðfærir leiðbeiningar, vinnur að undirbúningu staðalsins og kynningu á honum. Stefnt er á útgáfu staðalsins haustið 2026 og hefur stjórn Visku hug á að hvetja atvinnurekendur til að nýta sér þessar leiðbeiningar til að skapa gott vinnuumhverfi fyrir öll.

### **STAFRÆNIR INNVIÐIR**

Stafrænir innviðir gegna lykilhlutverki í starfsemi Visku. Sterkir stafrænir innviðir eru undirstaðan að þekkingarsköpun og greiningu á skrifstofu félagsins, þeir auðvelda aðgengi félagsfólks að upplýsingum frá félaginu og að því að leita sér aðstoðar og þjónustu, og eru lykillinn að því að gera félaginu kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í opinberri umræðu.

Gauti Skúlason sér um samskipti og markaðsmál hjá Visku.

## Vefsíðan Viska.is

Vefsíða félagsins Viska.is var opnuð árið 2024. Vefurinn er unninn í samstarfi við Hugsmiðjuna og Jökulá, þar sem lögð var sérstök áhersla á vandað útlit, notendavænt viðmót og virka þátttöku notenda. Íslensk ljósmyndun gegnir lykilhlutverki í heildarútliti og ásýnd vefsins.

Kappkostað var við gerð síðunnar að gera upplýsingar sem aðgengilegastar fyrir félagsfólk, meðal annars með gerð snjalleitarvélar á vefsíðunni, en sú leit er í stöðugri tæknilegri þróun hjá félaginu.

Vinnuréttarvefur í umsjón BHM er speglaður á vefsíðu Visku og einnig er þar að finna svokallaða „Viskumola“ þar sem ráðgjafar félagsins taka saman gagnlegar upplýsingar um kjör og réttindi á vinnumarkaði.

Á árinu var unnið áfram við að bæta Mínar síður þar sem félagsfólk getur sótt sér upplýsingar um réttindi í sjóðum og skráð sig í hópa á vegum félagsins.

## Íslensku vefverðlaunin 2025

Í mars 2025 hlaut vefur Visku Íslensku vefverðlaunin í flokki efnis- og fréttaveita sem Samtök vefiðnaðarins (SVEF) standa að. Að auki var vefurinn útnefndur upphlaupari ársins í flokki fyrirtækjavefja fyrir smærri fyrirtæki.

Að verðlaununum standa Samtök vefiðnaðarins (SVEF), sem árlega halda Íslensku vefverðlaunin – uppskeruhátíð vefiðnaðarins. Markmið hátíðarinnar er að efla fagið, verðlauna framúrskarandi veflausnir og hvetja fólk í greininni til frekari dáða.

## Samstarf við Jónsbók

Viska gerði á árinu samkomulag við Jónsbók um samstarf á sviði gervigreindar. Verkefnið snýst um að þróa sérsniðinn gervigreindargrunn sem getur orðið undirstaða fjölmargra gervigreindarlausna sem stéttarfélag eins og Viska þarf á að halda – bæði í daglegri starfsemi og framtíðarverkefnum.

Sérfræðingar Visku hafa þegar nýtt Jónsbók, sérhæfða gervigreindarlausn fyrir lögfræðinga, með góðum árangri. Nýja verkefnið gengur enn lengra: Markmiðið er að kenna gervigreindinni allt sem máli skiptir um Visku, starfsemi stéttarfélagsins, vinnumarkaðsmál og lögfræðileg málefni. Með því tryggja Viska og Jónsbók að þjónustufulltrúar og sérfræðingar Visku hafi greiðan aðgang að allri nauðsynlegri þekkingu þegar þeir vinna að málefnum félagsfólks.

Í framhaldinu verður gervigreindargrunnurinn nýttur til að efla þjónustu og upplýsingaflæði enn frekar, bæði á heimasíðu Visku og á innri vefnum Mín Viska, þar sem félagsfólk mun geta nálgast skýrar og aðgengilegar upplýsingar um réttindi sín og þjónustu félagsins.

### **Samfélagsmiðlar**

Félagið er virkt á samfélagsmiðlum, á Facebook, Instagram, TikTok og LinkedIn. Mörg þúsund Íslendingar hafa séð efni frá Visku á þessum miðlum og hefur það styrkt ímynd félagsins út á við, æ fleiri vita nú hver Viska er og hvað félagið stendur fyrir.

### **Kynningarmál**

Leitað var til Jökulár til að hanna nýtt merki og nýjan hönnunarstaðal Visku. Ýmis varningur var framleiddur á árinu til að vekja athygli á merki félagsins, svo sem pokar, pennar, glósubækur og endurskinsmerki, en einnig fánar og skilti sem félagsfólk getur haldið á lofti í kröfugöngum.

Viska hélt áfram að þróa hönnunarstaðal sinn á árinu í samstarfi við Jökulá. Það er félaginu mikið í mun að halda stöðugt áfram að þróa útlit sitt og passa upp á vörumerkið sem Viska er. Hvort sem um er að ræða í hinum stafræna heimi eða í raunheimum þá passar félagið upp á að allt sem er búið til og framleitt sé í takt við hönnunarstaðal félagsins.

# Fjármál og sjóðir

## FÉLAGSSJÓÐUR VISKU

Rekstur félagssjóðs Visku gekk vel á árinu 2025 og voru rekstrartekjur 35 millj. kr. hærrí en rekstrargjöld. Félagsgjald í Visku er 0,95% af heildarlaunum félagsfólks og samtals voru félagsgjöld 534 millj. kr. á árinu 2025. Félagsgjöld hækkuðu um 14% frá fyrra ári og kom það til vegna fjölgunar á félögum auk launahækkunar sem nam um 4% á árinu 2025.

Á árinu 2025 varð sú breyting að fræðslugjald sem ríkissjóður hefur greitt til BHM er nú greitt beint til aðildarfélaga BHM, og var sú breyting mundi afturvirk frá júlí 2023.

Fræðslugjaldinu ber að verja til eflingar hagfræðilegrar greiningar, fræðslu til trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsfólks Visku. Viska fékk greiddar 44 millj. kr. vegna þessa á árinu 2025, þar af var 20 millj. kr. vegna ársins 2025 og 24 millj. kr. vegna 2023 og 2024.

Viska tekjufærði allt framlagið á árinu 2025, enda hefur félagið varið hærrí upphæð á tímabilinu júlí 2023 til desember 2025 til hagfræðilegra greininga, fræðslu til trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsfólks en nam þessu framlagi.

Rekstrargjöld voru 551 millj. kr. á árinu 2025 og hækkuðu um 24% frá árinu 2024. Hækkun kostnaðar má aðallega rekja til tveggja atriða, annars vegar fjölgunar starfsfólks og hins vegar flutnings skrifstofu í Borgartún 27. Stöðugildum á árinu 2024 fjölgaði um þrjú eða úr 6,5 stöðugildum í 9,5 og var fjöldi starfsfólks óbreyttur á árinu 2025. Fjölgun starfsfólks er tilkomin vegna uppbyggingar þjónustuhluta Visku og aukningar á hagfræðilegri greiningargetu félagsins. Á haustmánuðum 2024 flutti skrifstofa Visku úr Borgartúni 6 í Borgartún 27. Húsnæðiskostnaður hækkaði um 36 millj. kr. milli ára sem má að mestu leyti rekja til leigu og annars kostnaðar af leiguhúsnæðinu í Borgartúni 27. Á móti þessum kostnaði koma húsaleigutekjur sem námu 7 millj. kr. á árinu 2025, en húsnæði Visku í Borgartúni 6 er nú í sölumeðferð.

<b>Rekstrarreikningur (tölur í millj. kr.)</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Rekstrartekjur	585	470
Rekstrargjöld	(551)	(443)
<b>Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði</b>	<b>35</b>	<b>28</b>
Fjármagnsliðir og aðrir liðir	17	21
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>52</b>	<b>48</b>

Eigið fé Visku var 533 millj. kr. í árslok 2025 sem er hækkun um 73 millj. kr. frá 2024. Í árslok 2025 átti félagið 382 millj. kr. í handbæru fé og verðbréfum samanbórið við 322 millj. kr. í ársbyrjun. Ávöxtun fjármuna félagsins var 7,0% á árinu 2025, en til samanburðar hækkaði

lánskjaravísitala um 3,7% á árinu 2025. Á árinu 2025 var ákveðið að skipta eign félagsins í þrjá sjóði sem eru félagssjóður, húsnæðissjóður og kjaramálasjóður. Eigið fé Visku í árslok 2024 var 456 millj. kr. og var skiptingin sú að félagssjóður skyldi vera ígildi 5 mánaða rekstrarkostnaðar eða 154 millj. kr., húsnæðissjóður er 115 millj. kr. og kjaramálasjóður er 128 millj. kr. Stjórn hefur mikinn hug á að byggja upp sterka stöðu kjaramálasjóðs á næstu árum, en sjóðurinn skal styðja við réttinda- og kjarabaráttu félagsins á hverjum tíma.

<b>Efnahagur (tölur í millj. kr. í árslok)</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Fastafjármunir	138	123
Handbært fé og verðbréf	382	322
Aðrar eignir	61	64
<b>Samtals eignir</b>	<b>581</b>	<b>509</b>
Eigið fé	533	456
Skammtímaskuldir	48	53
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>581</b>	<b>509</b>

## VÍSINDASJÓÐUR VISKU

Félagssjóðir Visku sem starfar hjá sveitarfélögunum á aðild að Vísindasjóði Visku, en félagssjóðir sem starfar á almenna vinnumarkaðnum getur óskað eftir því að ganga í sjóðinn. Félagssjóðir Visku sem starfar hjá Reykjavíkurborg getur valið á milli þess að fá greitt úr sjóðnum árlega eða fella greiðslur inn í launatöflu.

Viska greiðir á hverju ári styrk úr Vísindasjóði til félagssjóðs sem á rétt í sjóðnum og þarf félagssjóðir ekki að sækja sérstaklega um úthlutun. Styrkuppþæðin er miðuð við innborgun í sjóðinn á tímabilinu 1. janúar til 31. desember árið áður.

Iðgjöld í Vísindasjóð Visku á árinu 2025 námu 257 millj. kr. á árinu og voru greiddir styrkir 254 millj. kr. Vísindasjóður er gegnumstreymissjóður. Iðgjöld hvers árs eru greidd út í byrjun næsta árs til þess félagssjóðs sem greitt var fyrir í sjóðinn og er styrkurinn jafnhár og iðgjöld. Á árinu 2025 voru félagatöl Visku og BHM samkeyrð sem gaf félaginu tækifæri til að greiða styrki til félagssjóðs sem ekki hafði tekist að ná sambandi við og átti inneign í sjóðnum, í sumum tilfellum nokkur ár aftur í tímann. Útgreiðsluhlutfall styrkja vegna inngreiddra iðgjalda árána 2023 og 2024 er 99,8% og vegna 2021 og 2022 er útgreiðsluhlutfallið um 99,5%. Í apríl 2026 var búið að greiða út 99,5% styrkja vegna iðgjalda á árinu 2025.

## KJARAMÁLASJÓÐUR VISKU

Viska starfrækir kjaramálasjóð og fer stjórn Visku með málefni sjóðsins. Tilgangur sjóðsins er að veita félagsfólki Visku sem missir atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkbanns fjárhagslega aðstoð, eftir því sem hagur sjóðsins leyfir hverju sinni. Einnig er sjóðnum ætlað að standa straum af lögfræði- og málskostnaði sem fellur til vegna baráttu við að tryggja kjör og réttindi félagsfólks og greiða annan tilfallandi kostnað vegna kjaramála.

## SJÚKRASJÓÐIR

Félagsfólk í Visku getur fengið fjárhagslega aðstoð vegna heilbrigðisþjónustu eða langvarandi fjarveru frá vinnu vegna veikinda. Styrktarsjóður BHM og Sjúkrasjóður BHM veita félagsfólki í Visku styrki til að hlúa að líkamlegri og andlegri heilsu sinni.

**Styrktarsjóður BHM** er fyrir félagsfólk Visku á opinberum markaði, hjá ríki eða sveitarfélögum. **Sjúkrasjóður BHM** er fyrir félagsfólk á almennum vinnumarkaði.

Báðir sjóðirnir veita styrki til félagsfólks vegna tekjutaps vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu sökum veikinda og slysa. Þá veita sjóðirnir styrki vegna endurhæfingar og forvarna af ýmsum toga, svo sem styrki vegna líkamsræktar, krabbameinsleitar og meðferða á sál og líkama. Þá er hægt að fá styrk vegna fæðinga og ættleiðinga auk styrkja vegna alvarlegra veikinda og stuðnings vegna kostnaðar sem fellur til vegna andláts sjóðfélaga.

Viska á fulltrúa í báðum sjóðunum. Júlíana Guðmundsdóttir er formaður Sjúkrasjóðs BHM og Katrín Björg Ríkarðsdóttir situr í stjórn Styrktarsjóðs BHM.

## STARFSÞRÓUNARSJÓÐIR

Vegna sífelldra breytinga á vinnuumhverfi og verkefnum er mikilvægt að fólk geti stöðugt aflað sér nýrrar þekkingar og hæfni. Með símenntun getur fólk bætt stöðu sína á vinnumarkaði, aukið starfsöryggi sitt og starfsánægju. Félagsfólk Visku hefur aðgang að styrkjum sem stuðla að framþróun í starfi.

### Starfsmenntunarsjóður BHM

Allt félagsfólk Visku hefur aðgang að Starfsmenntunarsjóði BHM sem styrkir félaga til náms og til að sækja einstök námskeið, ráðstefnur, málþing eða til að fara í fræðslu- og kynnisferðir innanlands eða utan.

Viska á fulltrúa í stjórn Starfsmenntunarsjóðs BHM, Helga B. Kolbeinsdóttir situr í stjórn sjóðsins.

## Starfsþróunarsetur háskólamanna

Hlutverk Starfsþróunarseturs háskólamanna er að stuðla að framgangi félagsfólks aðildarféлага BHM sem aðild eiga að setrinu og markvissri starfsþróun stofnana. Starfsþróunarsetrið veitir styrki til einstaklinga og stofnana vegna náms, námskeiða, ráðstefna og annarra verkefna sem tengjast starfsþróun. Félagssólk Visku þarf að skrá sig sérstaklega í Starfsþróunarsetrið til að eiga rétt á styrkjum úr setrinu.

Viska á fulltrúa í stjórn Starfsþróunarsetursins, Georg Brynjarsson er formaður setursins.

## ORLOFSSJÓÐUR

Félagssólk í Visku er í Orlofssjóði BHM, sem leigir út orlofshús og íbúðir víða um land til félagsfólks og býður því að kaupa niðurgreidd gjafabréf í flug með Icelandair og hjá ferðafélaginu Útivist, útilegu- og veiðikortið á sérkjörum og niðurgreidda gistingu á ýmsum hótélum innanlands.

Orlofshús sjóðsins eru um sextíu talsins og eru staðsett á Suðurlandi (í Brekkuskógi), á Norðurlandi (á Akureyri og í Aðaldal), á Austurlandi (við Egilsstaði), á Vesturlandi (við Hreðavatn) og í Reykjavík. Í Brekkuskógi er hægt að leigja hús sem sérstaklega var hannað til að mæta þörfum fólks með skerta hreyfigetu. Gæludýr eru velkomin í nokkur orlofshús, bæði í Brekkuskógi og á Akureyri. Á sumrin og um páska ræður hlutkesti úthlutun, en á öðrum tímabilum gildir reglan fyrstur kemur, fyrstur fær. Opnað er fyrir úthlutanir fyrir tímabil nokkrum sinnum á ári.

Viska á fulltrúa í stjórn Orlofssjóðs BHM, Inga María Leifsdóttir er formaður stjórnar sjóðsins.

## VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Félagssólk í Visku hefur aðgang að þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. VIRK eflir starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast aftur á vinnumarkaðinn. Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu. Á vegum VIRK starfa 68 ráðgjafar og 17 atvinnulífstenglar út um allt land sem fylgja notendum þjónustunnar allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.

Kolbrún Halldórsdóttir formaður BHM situr í stjórn VIRK fyrir hönd bandalagsins, BSRB og KÍ.